

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 19. mars 2015 í máli

nr. S-170/2014:

Ákærvaldið

(Óli Ingi Ólason aðstoðarsaksóknari)

(Sunna Axelsdóttir hdl.)

gegn

X

(Sigmundur Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 25. september 2014, á hendur X;

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 17. nóvember 2013, fyrir utan Sambíóið við Strandgötu á Akureyri, slegið [A] í andlitið og strax í kjölfarið sparkað í andlit [A] þannig að hann féll á gangstéttina með þeim afleiðingum að hann missti meðvitund um stund, hægri ökkli hans fór úr lið og tvíbrotnaði bæði hliðlægt og miðlægt, auk þess sem [A] hlaut áverka á liðbandi milli dálks og sperrileggs og sár og hnúð á hökubeyni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu [A], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 1.089.849 ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 17. nóvember 2013 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt ákærða, en dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Auk þess er gerð krafa um þóknun vegna lögmannskostnaðar samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.“

Skipaður verjandi, Sigmundur Guðmundsson héraðsdómslögmaður, hefur fyrir hönd ákærða krafist þess að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að háttsemi hans verði heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga í stað 2. mgr. sömu lagagreinar. Þá krefst verjandinn sýknu af bótakröfu, en til vara að hún verði stórlega lækkuð. Loks krefst verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I.

1. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu, frásögn ákærða og framburði vitna, var haldin almenn skemmtun á veitingastaðnum Kaffi Amor við Ráðhústorg á Akureyri aðfaranótt sunnudagsins 17. nóvember 2013. Á meðal gesta voru m.a. ákærði og vinkona hans, B, en einnig vinur ákærða, vitnið C. Þá var á meðal gesta brotapolinn A, en við dyravörslu umrædda nótt voru dyraverðirnir D og E.

Samkvæmt frumskýrslu F lögregluvarðstjóra var hann í lögreglubifreið þessa nótt ásamt starfsfélögum í miðbæ Akureyrar, nánar tiltekið á Túngötu, gegnt Landsbankanum og nærri Ráðhústorgi, þegar tilkynning barst um líkamsárás við Sambíóið við Strandgötu nærri veitingastaðnum Kaffi Amor við Ráðhústorg. Segir í skýrslunni að lögreglumennirnir hafi strax brugðist við, enda verið nærri vettvangi, um 60 metra, og hafi þeir komið að brotapolu, A, fæddum 1973, þar sem hann hafi legið á gangstéttinni skammt austan við inngang veitingastaðarins, en nærri aðalinngangi Sambíós/Nýja-bíós. Greint er frá því að brotapolu hafi verið ölvaður og frekar illa áttaður, en haft á orði að ráðist hafi verið á hann. Þarna á vettvangi hafi verið vitnið G, fæddur 1994, er hafi greint frá því að ákærði í máli þessu, X, hefði ráðist á brotapolu og sparkað í hann mjög fast með þeim afleiðingum að hann hafi fallið á gangstéttina. Tekið er fram í skýrslunni að fleira fólk hafi verið á vettvangi, en að það hafi ekki getað borið um atvik máls, að öðru leyti en því að fyrrnefnd stúlka, B, hefði haft orð á því að brotapolu hefði verið að áreita hana og fleira fólk, og að hann hefði jafnframt þótt vera óeinkennisklæddur lögreglumaður að störfum. Haft er eftir stúlkunni að hún hefði í raun ekki séð árásina á brotapolu, en skyndilega veitt því eftirtekt að hann lá á gangstéttinni og að maður forðaði sér um svipað leyti á hlaupum af vettvangi. Í skýrslunni er greint frá því að ökkli brotapolu hafi greinilega verið aflagaður og hafi því sjúkraflutningamenn verið kallaðir til og hann í framhaldi af því verið fluttur með sjúkrabifreið á Sjúkrahúsið á Akureyri.

Í gögnum lögreglu, þ. á m. skýrslu lögregluvarðstjórans, kemur fram að strax hafi verið grunur um að ákærði hafi átt hlut að máli og því hafi lögreglumenn hafið leit að honum í miðbænum og m.a. farið inn í verslunina Nætursöluna við Strandgötu, en í framhaldi af því hefðu þeir skoðað upptökur úr öryggismyndavél sem staðsett er á húseigninni Hafnarstræti 107, sem sýnir vettvang austan við Ráðhústorg og m.a. við veitingastaðinn Kaffi Amor og Sambíó við Strandgötu. Í skýrslu nefnds varðstjóra segir um efni upptökunnar: „... á myndskaiði úr upptökuvélinni mátti sjá að nokkrir aðilar eru saman fyrir utan anddyri Sambíós við Strandgötu. Allt í einu sést maður sparka þungu sparki í þennan mann, samkvæmt klukku upptökuvélarinnar eru hún þá 04:24:43. Við sparkið fellur árásaþolinn, [A], í götuna. Mátti sjá að árásaþilinn er klæddur í hvítan bol, gráar buxur og dökkum jakka. Árásaþilinn sést síðan ganga austur Strandgötu að Nætursölunni og hverfa þar fyrir hornið til suðurs. Nokkrir aðilar stumra yfir [A] og við, áhöfnin á

24-119, komum síðan á vettvang kl. 04:27:50 ...“. Í skýrslunni er greint frá því að lögregluamaðurinn H hafi þekkt ákærða á myndskeiðinu sem einn þeirra viðskiptavina, sem verið hafði í versluninni Nætursölunni þá um nóttina. Greint er frá því að þá um nóttina hefði lögreglan fengið frekari upplýsingar um ferðir ákærða, en jafnframt segir frá því að nefndum lögregluvarðstjóra hafi borist fregnir um að dyravörðurinn E hefði vitneskju um að ákærði hefði verið sá aðili sem hefði ráðist á brotþola við Sambíóið. Samkvæmt frumskýrslunni hafði lögregluvarðstjórinn af þessu tilefni símasamband við E þriðjudagskvöldið 20. nóvember nefnt ár. Er haft eftir E í skýrslunni að hann hefði margnefnda nótt farið ásamt starfsfélaganum sínum, D, á Olísstöðina við Glerárgötu eftir að dyravarðarstarfi þeirra lauk á Kaffi Amor og átt þar orðastað við ákærða, en þá skilist að hann hefði gengið í skrokk á brotþola. Hið sama kom fram eftir að varðstjórinn hafði rætt við D.

Nefnt myndskeið úr öryggismyndavél er á meðal gagna ákærvalds, sem lagt var fyrir dóminn, en það var m.a. sýnt við aðalmeðferð málsins.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var hitastig á Akureyri kl. 03:00 umrædda nótt 1°.

2. Samkvæmt gögnum aflaði lögregla við rannsókn málsins áverkavottorða frá Sjúkrahúsinu á Akureyri um meiðsli brotþola. Liggja fyrir í málinu tvö vottorð, annars vegar vottorð I aðstoðarlæknis, sem dagsett er 24. janúar 2014, og hins vegar vottorð J bæklunarlæknis, sem dagsett er 12. maí sama ár. Í báðum vottorðum segir frá því að brotþoli hafi eftir aðgerð á slysadeild verið lagður inn á bæklunardeild sjúkrahússins og að þar hafi hann legið frá 17. til 20. nóvember 2013. Í vottorði bæklunarlæknisins, sem ritað var upp úr sjúkraskrá, segir frá því að brotþoli hafi við komu á slysadeildina 17. nóvember nefnt ár ekki gefið mjög skýra sögu um atvik máls, en nefnt að hann hafi verið að skemmta sér og verið fyrir utan Kaffi Amor að reykjapegar einhver aðili hefði ráðist á hann. Hann hafi fengið högg á andlit og höfuð og þá dottið við á hægri fótinn með þeim afleiðingum að fóturinn virtist fara úr ökkli. Greint er frá því að við skoðun hafi brotþoli verið eymslalaus við höfuð og háls og ekki kvartað undan verkjum við hálsþrygg. Tekið er fram að brotþoli hafi verið með mar, smákúlu og sár hliðlægt á hökunni, og hafi þessir áverkar minnt á blæðingu undir beinhimnu. Þá er greint frá því að hægri ökkli brotþola hafi augljóslega verið úr lið, en þegar ökklinn hafi verið myndaður hafi þar einnig sést brot, bæði miðlægt og hliðlægt. Vegna ökklaáverkans hafi brotþoli farið í aðgerð og hafi brotið verið fest með plötu og skrúfu hliðlægt og tveimur skrúfum miðlægt. Vegna liðbandaáverkans, á milli dálks og sperrileggs, hafi verið sett skrúfa á milli þessara beina. Tekið er fram að aðgerðin hafi gengið vel, en að brotþola hafi ekki verið leyft að stíga í fótinn í a.m.k. tvær vikur, en að hann hafi eftir það fengið loftspelkur. Skýrt er frá því að vegna andlegrar vanheilsu hafi brotþoli verið lagður inn á geðdeild þann 20. nóvember 2013. Fram kemur í vottorðinu að brotþoli hafi vegna áverka sinna komið á slysadeildina 3. og 21. desember nefnt ár vegna verkja. Þá segir að við skoðun þann 30. desember hafi brotþoli verið með skerta hreyfingu í ökkla og hafi honum af þeim sökum verið ráðlögð hreyfipjálfun. Í samantekt segir um lýsta áverka brotþola:

„Það ökklabrot sem [A] fékk er alvarlegt. Ökklinn var að fullu úr lið og tvíbrotinn og þurfti stórar aðgerðir við þar sem festa þurfti brotið rétt. Einnig þurfti töluverða eftirmeðferð í sex vikur á eftir og langvarandi sjúkraþjálfun. Oft er eftir áverka sem þessa töluverður stirðleiki í ökklanum og má frekar búast við að [A] nái ekki fullri hreyfingu eftir áverkann og geti verið með verki við visst álag í framtíðinni. Það er fullsnemmt nú að meta lokabata. Það er ráðlegt að bíða í eitt – eitt og hált ár þar til það verður gert. Ljóst er að eftir áverkann og aðgerðina er þörf á langvarandi sjúkraþjálfun, hreyfiþjálfun og ekki ólíklegt að þurfi að grípa til verkjalyfja stöku sinnum. Reikna má með að mjúkvefjaáverki á höku lagist að fullu.“

Í málinu liggur einnig fyrir vottorð K, lækni á Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Vottorðið, sem er dagsett 11. febrúar 2014, var ritað vegna beiðni um sjúkraþjálfun brotaþola. Í vottorðinu er greint frá fótbroti brotaþola og að hann hafi farið í aðgerð, en síðan segir: „Gengið hægt þó ágætlega. Er nýlega hættur að ganga með hækjur og getur gengið um tvo km á dag en þreyttur næsta dag. Ef þreyttur þá haltrar hann. Við skoðun er ökklinn bólginn, sá hægri miðað við þann vinstri. Mjúkur í kringum ökklan. Skurðsár vel gróin, skurðsár beggja vegna á ökklanum, allar hreyfingar skertar um ökklan verst eversion og inversion.“

3. Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu var brotaþoli yfirheyrður um ætlaða líkamsárás á lögreglustöðinni á Akureyri 4. desember 2013. Ákærði var á hinn bóginn fyrst yfirheyrður um kærufnið 13. desember sama ár. Samkvæmt gögnum lögreglu var ákærða birt bótakrafa brotaþola 24. febrúar 2014.

Samkvæmt gögnum hafði rannsóknarlögreglan símasamband við fyrrnefnda stúlku, B, 18. desember 2013. Er haft eftir B að hún hafi ekki verið sjónarvottur að því sem gerðist aðfaranótt 17. nóvember við Sambíóið. Lögreglan yfirheyrði vitnin C og G 22. desember 2013. Allar þessar skýrslur voru teknar upp með hljóði og mynd og eru mynddiskar þar um á meðal þeirra gagna sem ákærvaldið lagði fyrir dóminn.

II.

Mál þetta var þingfest 14. október sl. Við fyrirtöku fyrir dómi 27. sama mánaðar játaði ákærði, X, líkt og við aðalmeðferð málsins, að hafa slegið brotaþola létt utan undir, en jafnframt að hafa sparkað í brotaþola. Ákærði bar að þetta hefði hann gert fyrir utan Sambíóið við Strandgötu, en staðhæfði að brotaþoli hefði þá verið uppistandandi. Ákærði neitaði því að hann væri valdur að þeim meiðslum og áverkum sem lýst er í ákæru, fyrir utan hökuáverkann. Þá hafnaði hann bótakröfu brotaþola.

Við aðalmeðferð málsins skýrði ákærði frá því að hann hefði verið á veitingastaðnum Kaffi Amor umrædda nótt, ásamt vitninu C og fyrrnefndri

vinkonu, en á meðal gesta hefðu einnig verið vitnið G og brotþoli. Ákærði sagði að brotþoli hefði verið „svolítið ölvaður“ og bar að hann hefði verið að angra vinkonu hans, stúlkuna B, með því að ýta í hana. Vegna þessa kvaðst hann hafa brugðist við og beðið brotþola að hætta afskiptum af stúlkunni. Ákærði bar að brotþoli hefði þá farið að rífast við hann, en jafnframt ýtt við honum að tilefnislausu. Ákærði kvaðst hafa haft hendur fyrir aftan bak er þetta gerðist, en bar að brotþoli hefði slegið hann á vinstri vangann og hann af þeim sökum kennt til í nokkra daga. Eftir að þessum viðskiptum lauk kvaðst ákærði hafa farið út af veitingastaðnum ásamt C og þeir í framhaldi af því gengið stuttan spöl til austurs, að inngangi Sambíós við Strandgötu. Ákærði bar að þar á vettvangi hefði verið nokkur hópur fólks og þar á meðal brotþoli. Ákærði staðhæfði að brotþoli hefði haldið áfram að rífa kjaft við hann, en vísaði að öðru leyti um málsatvik til þess myndskreiðs sem lögreglan hafði aflað við rannsókn málsins. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa staðið á gangstéttinni nærri akbrautinni, en bar að brotþoli hefði í fyrstu staðið gegnt honum við húsvegginn við veitingastaðinn. Ákærði sagði að brotþoli hefði við þessar aðstæður gengið í áttina til hans, en hann þá stigið á móti honum eitt skref og síðan slegið hann og svo sparkað í hann. Nánar skýrði ákærði svo frá að hann hefði slegið brotþola eitt hnefahögg í andlitið og ætlaði að hann hefði af þeim sökum fengið sár og hnúð á hökubeynið og vísaði til þess að hann hefði haft hring á fingri. Ákærði kvaðst í framhaldi af hnefahögginu hafa sparkað í bringu brotþola. Taldi hann ólíklegt að fótur hans hefði náð að andliti brotþola, en bar að hann hefði fallið á gangstéttina. Ákærði greindi frá því að hann hefði æft sjálfsvarnaríþrótt, en hann kvaðst ekki hafa hoppað upp þegar hann sparkaði í brotþola. Þá kvaðst hann ekki hafa sparkað af fullu afli, en ætlaði að brotþoli hefði e.t.v. misst andann við höggið og sagði: „Hann eiginlega bara sest niður og leggst útaf.“ Ákærði taldi ólíklegt að brotþoli hefði hlotið ökklaáverka sína vegna lýsts athæfis hans, og sagði að allt eins hefði einhver nærstaddur getað komið að brotþola og stigið ofan á hægri ökkla hans eftir að hann féll á gangstéttinni. Ákærði sagði að viðskipti hans við brotþola utan dyra hefðu varað í um tvær til þrjár mínútur, og bar hann að raki hefði verið á gangstéttinni en ekki hálka. Fyrir viðskiptin kvaðst hann ekkert hafa séð athugasvert við göngulag brotþola. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis er atvik gerðust. Hann kvaðst ekkert hafa gætt að brotþola eftir að hann féll, enda hefði hann strax farið af vettvangi.

Brotþoli, A, kvaðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum Kaffi Amor. Hann kvaðst hafa neytt áfengis og verið vel við skál. Hann kvaðst hafa átt samskipti við aðra gesti staðarins, en staðhæfði að hann hefði ekki verið með neins konar áreiti eða leiðindi. Hann kvaðst þó minnst þess að einn gestanna hefði haft orð á því að hann hefði verið að reyna við konu hans en sagði að það hefði allt endað vel og að þeir hefðu tekist í hendur. Brotþoli kvaðst ekkert hafa þekkt til ákærða er atvik gerðust og taldi ólíklegt að hann hefði átt hlut að þessu kvennamáli. Brotþoli bar að hann hafi ætlað að fara snemma heim þessa nótt en afráðið að fara á salernið áður, en þá veitt því eftirtekt að fíkniefnaneysla var þar í gangi. Í því viðfangi vísað brotþoli til þess að það hefði oft komið fyrir á skemmtistöðum að aðrir gestir teldu hann starfa við löggæslu, þrátt fyrir að hann hefði aldrei kynt undir slíku að öðru leyti en því að hann hefði lýst skoðun sinni og andúð á fíkniefnum.

Brotapoli skýrði frá því að eftir að hann fór út af skemmtistaðnum hefði hann haldið til austan við staðinn og reykt vindling, en að öðru leyti kvaðst hann ekki minnst málsatvika. Hann kannaðist þannig ekki við að hafa átt í deilum við nærstadda aðila. Hann kvaðst muna það næst að hann hefði rankað við sér með stjórnur í augunum, en þá hefðu sjúkraflutningamenn verið að hlúa að honum þar sem hann lá grafkyrr á gangstéttinni milli Sambíós og Kaffi Amors. Næst kvaðst brotapoli hafa rankað við sér á sjúkrahúsinu. Brotapoli kvaðst engar skýringar hafa á því sem gerðist. Brotapoli greindi frá því að eftir að hann kom til sjálfs sín á sjúkrahúsinu hefði hann verið aumur í kjálka og bringunni og átt erfitt með andardrátt.

Brotapoli ætlaði að fyrir utan Kaffi Amor hefði ekki verið hálka er atvik gerðust og áréttaði að hann hefði ekki skýringar á áverkum sínum, fyrir utan það sem hann hefði síðar heyrt af athæfi ákærða. Brotapoli kvaðst í fyrstu hafa haft mikla verki í ökklanum og staðhæfði að hann fyndi þar enn fyrir þreytuverkjum. Hann kvaðst hafa náð bata á um sex mánuðum, en bar að hreyfigetan væri aðeins um 70-80%.

Vitnið C, fæddur 1992, kvaðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum Kaffi Amor ásamt vini sínum, ákærða í máli þessu, og bar að þeir hefðu báðir verið undir áhrifum áfengis. Fyrir dómi vísaði hann til þess að þar sem langt væri um liðið ætti hann í nokkrum erfiðleikum með að skýra frá atvikum máls, en að auki kvaðst hann ekki vera mjög minnugur. Hann ætlaði að atvik hefðu verið með þeim hætti að hann hefði verið ásamt ákærða á efri hæð veitingastaðarins ásamt stúlkunni B er brotapoli hefði komið að þeim og verið með leiðindi og ekki látið sér segjast þrátt fyrir að ákærði hefði farið fram á það. Hann kvað brotapola m.a. hafa ýtt og kýlt eitthvað í ákærða; „ekkert í andlitið held ég, ef ég man rétt, held ég í bringuna eða eitthvað svona.“ Hann ætlaði að þessi leiðindi brotapola hefðu varað í fimm eða tíu mínútur og bar að brotapoli hefði haft orð á því að hann starfaði í lögreglunni. C bar að hann hefði starfað við dyravörslu á skemmtistöðum á Akureyri, en kvaðst ekkert hafa kannast við brotapola er atvik gerðust. Eftir að greindum samskiptum við brotapola lauk kvaðst hann hafa farið út af veitingastaðnum ásamt ákærða og bar að þeir hefðu eftir það haldið til nærri Nýjabíói (Sambíóinu). Hann sagði að brotapoli hefði verið þar fyrir og bar að hann hefði haldið áfram dólglátum og verið með „svona almennar hótanir ... eitthvað illur í skapinu ... hann var bara svo fullur ... hann ætlaði að ráðast á okkur.“ Vegna þess kvaðst hann hafa sagt við brotapola að hann ætti að halda sér rólegum, en hann kvaðst er atvik gerðust hafa verið æstur líkt og ákærði. C bar að brotapoli hefði ekkert sinnt þessum tilmælum heldur gengið nær honum og ákærða og bar að það sem síðar gerðist hefði verið sjálfsvörn af hálfu ákærða. C sagði að brotapoli hefði nær alveg verið kominn að ákærða er hann hefði brugðist við og lýsti hann atvikum nánar þannig: „[X] (ákærði) svona kýlir eitthvað í hann (brotapola), hann kýldi eða ýtti svona einhvers staðar í öxlina á honum ... og síðan hérna þá sparkar hann einhvers staðar í bringuna.“ Hann sagði að aðalþunginn af höggi ákærða hefði komið á bringuna á brotapola, en ætlaði að e.t.v. hefði skótá ákærða hafnað á höku brotapola, en taldi það þó frekar ólíklegt. Hann kvaðst hafa staðið fyrir aftan ákærða er þetta gerðist, en um viðbrögð brotapola sagði hann: „Hann svona skakkaði ... skriðaðist til eða svona dettur niður.“ Fyrir nefndan atgang ákærða kvaðst C ekki hafa séð neitt athugavert við göngulag brotapola, og bar jafnframt að

hitalögn væri í gangstéttinni fyrir utan nefndan skemmtistað og bíó. Hann kvaðst ekki frekar en ákærði hafa hugað að brotaþola eftir að hann féll á gangstéttina, enda hefðu þeir farið af vettvangi. Hann ætlaði að lýst viðskipti fyrir utan skemmtistaðinn hefðu varað í átta til þrettán mínútur. Hann kvaðst aldrei hafa orðið var við lögreglu á vettvangi.

Vitnið G, fæddur 1994, kvaðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum Kaffi Amor, en þar kvaðst hann m.a. hafa séð til viðskipta ákærða og brotaþola. Hann kvaðst hafa þekkt til ákærða, en ekki brotaþola. Hann kvaðst hafa veitt því eftirtekt að ákærði og brotaþoli voru eitthvað að öskra hvor á annan, en ekki heyrt hvað þeim fór á milli og sagði: „En ég sá að hann, [A], var eitthvað að ýta í [X].“ G kvaðst ekki hafa séð upptök þessa atgangs eða hafa skýringar á þeim að öðru leyti. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis er atvik gerðust og ætlaði að líkt hefði verið á komið með ákærða, en bar að brotaþoli hefði greinilega verið ölvaður. Um fimmtán mínútum eftir þetta kvaðst hann hafa farið út af staðnum og eftir það átt orðastað við vinkonu sína, fyrrnefnda stúlku, B, en þá einnig séð að ákærði og brotaþoli voru þar á vettvangi. Hann kvað ákærða hafa haft á orði að brotaþoli hefði kýlt hann inni á veitingastaðnum. Hann kvaðst ekki hafa séð áverka á ákærða eða heyrt hann kvarta um eymsli.

G bar að brotaþoli hefði komið að þar sem hann var að ræða við nefnda stúlku og sagði að hann „hafi eitthvað verið að böggast í [B]“ en þó ekki þannig að það athæfi hefði vakið sérstaka athygli hans. Hann sagði að ákærði hefði verið í um fimm metra fjarlægð er þetta gerðist og bar að hann hefði komið að þeim, en lýsti atvikum nánar þannig: „Hann (ákærði) tekur eitthvað svona hringspark í hann (brotaþola) ég sá það ekki alveg sko ... ég stóð við hliðina og heyrði allt hljóðið, svo lá hann (brotaþoli) auðvitað bara eftir ... og (ákærði) fór svo í burtu og þá hringdi ég í sjúkrahús og lögguna.“ G kvaðst ekki hafa séð ákærða slá til brotaþola fyrir sparkið og dró hann að því leyti frásögn sína hjá lögreglu til baka. Vísaði hann til þess að fólk sem var á vettvangi hefði haft orð á slíku, en áréttaði að það hefði hann ekki séð með eigin augum. Og nánar aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð hvar spark ákærða hafnaði á líkama brotaþola, en bar að nærstaddir aðilar hefðu haft orð á því að að sparkið hefði farið í andlitið á brotaþola. G áréttaði að hann hefði strax farið að huga að brotaþola, en þá séð að fótur hans var snúinn. Þá kvaðst hann í fyrstu hafa ætlað að brotaþoli hefði misst meðvitund, en bar að eftir að hann rankaði við sér hefði hann lagt að honum að standa ekki upp. G kvaðst ekki hafa séð áverka í andliti brotaþola, en ætlaði að hann hefði við fallið skolið með höfuðið á stéttina, sem hefði verið auð.

G sagði að fyrir atgang ákærða hefði brotaþoli verið valtur á fótum en að öðru leyti hefði ekkert verið athugavert við göngulag hans. Þannig hefði ekkert bent til þess að brotaþoli hefði verið ökklabrotinn og sagði G um tilkomu áverka brotaþola: „Það hefur örugglega bara verið höggið þegar hann datt ... það hafði alla vega ekki gerst áður en þetta gerðist.“

D kvaðst hafa verið við dyravörslu á veitingastaðnum Kaffi Amor. Vitnið kvaðst hafa þekkt til ákærða í máli þessu er atvik gerðust, en ekkert þekkt til brotaþola. D

kvaðst minnst þess að umrædda nótt hefði verið uppi ágreiningur með ákærða og brotþola og smáreiði, en hann kvaðst þó ekki hafa heyrt eða séð þau samskipti með eigin augum. Hann kvað ákærða og brotþola þannig sinn í hvoru lagi hafa haft tal af honum og lýst gagnkvæmri óánægju með hvor annan. Hann kvaðst ekki hafa séð áverka á þeim. Eftir lokun staðarins kvaðst hann hafa séð að sjúkrabifreið kom að veitingastaðnum, en aldrei séð tilefni þess. Eftir að störfum á skemmtistaðnum var lokið kvaðst hann hafa farið á Olísstöðina ásamt starfsfélögum sínum og þá séð að þar voru fyrir ákærði og vinir hans. Fyrir dómi kvaðst hann ekki minnst þess að hafa átt samskipti við ákærða á Olísstöðinni, en staðfesti að hafa átt orðastað við lögreglumann um atvik máls nokkrum dögum síðar. Hann kvaðst ekki vefengja að hann hefði þá haft orð á því að hann hefði heyrt ákærða segja frá því að hann myndi rota brotþola er hann kæmi út af skemmtistaðnum umrædda nótt og jafnframt að ákærði hefði haft orð á því á Olísstöðinni, að brotþoli hefði „abbast upp á vitlausan mann“.

E, fæddur 1983, kvaðst hafa verið að störfum sem dyravörður á veitingastaðnum Kaffi Amor umrædda nótt og bar að meðal gesta hefðu verið ákærði og brotþoli. Hann kvaðst hafa þekkt þá báða fyrir og heyrt orð ákærða um að brotþoli hefði haft uppi einhver orð gagnvart honum og að enginn ætti að komast upp með slíkt. Eftir lokun staðarins kvaðst hann hafa fylgst með því að brotþoli var fluttur af vettvangi í sjúkrabifreið. Nokkru síðar kvaðst hann hafa lagt leið sína á Olísstöðina ásamt starfsfélögum sínum og þá séð að ákærði og vitnið C voru þar fyrir. Hann kvaðst hafa heyrt samræður þeirra og þ. á m. að ákærði hefði sagt að hann hefði sparkað fótunum undan brotþola með þeim afleiðingum að hann hefði fallið á jörðina. Hann kvaðst hafa innt ákærða eftir þessu frekar og bar að hann hefði þá játað verknaðinn, en ekki rætt málefnið frekar.

F lögreglumaður lýsti atvikum og gjörðum sínum fyrir dómi með líkum hætti og hér að framan var rakið í frumskýrslu lögreglu. Hann staðfesti m.a. að strax hefðu grunsemdir beinst að ákærða í máli þessu og að síðari aðgerðir lögreglu hefðu tekið mið af því. Hann kvað það hafa verið augljóst á vettvangi að fótur brotþola var aflagaður, en að auki hefði hann verið með áverka í andliti. Hann kvað brotþola hafa verið með meðvitund en vankaðan og undir áhrifum áfengis. Hann bar að þegar atvik gerðust hefði verið snjólaust á vettvangi vegna snjóbræðslu. Síðar um nóttina kvaðst hann hafa séð athæfi ákærða á myndskreiði úr öryggismyndavél.

L og H lögreglumenn lýstu atvikum máls með líkum hætti og fyrirnefndur lögregluvarðstjóri. Þykir því ekki ástæða til að rekja framburð þeirra frekar.

J bæklunarlæknir staðfesti fyrir dómi áðurakið læknisvottorð, en hann kom ekki að aðhlyningu brotþola umrædda nótt. Aðspurður um ökklaáverka sagði hann að samkvæmt sjúkraskrá hefði brotþoli farið úr ökkliðnum en við það hefði ökklinn brotnað miðlægt og hliðlægt, þ.e. báðum megin. Hann sagði að ástæða slíks áverka væri sjaldnast afleiðing höggss heldur kæmi þar frekar til snúningsáverki. Hann kvað slíkt geta gerst þegar viðkomandi rynni til í hálfu og félli við, þ.e. ef nægilegur kraftur myndaðist við slíkt. Hann sagði að í tilviki brotþola hefðu atvik hins vegar að líkindum verið með þeim hætti að hann hefði snúið illa upp á

ökklann, en þannig hefði hann brotnað á tveimur stöðum. Að auki hefðu liðböndin á milli sperrileggs og dálks farið í sundur ásamt liðpokanum. Þannig hefði orkan verið nægilega mikil til þess að slíta þetta allt í sundur ásamt beinhimnunni. Hann bar að ekki væri óalgengt við slíka áverka, að þrátt fyrir að bein gréru vel kæmi fram stirðleiki til framtíðar. Hann kvað hökuáverka brotaþola hafa að líkindum verið vegna höggs og að blætt hefði undir beinhimnuna.

III.

Í máli þessu er ákærði m.a. ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Varðar sakarefnið það að ákærði hafi aðfaranótt sunnudagsins 17. nóvember 2013, um klukkan 04:30, slegið brotaþola í andlitið og strax í kjölfarið sparkað í andlit hans þannig að hann féll á gangstétt við Strandgötu, með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru.

Af hálfu ákæruvalds er byggt á því að sekt ákærða sé sönnuð með eigin frásögn hans að nokkru, en einnig framburði vitna, myndskaiði úr eftirlitsmyndavél og áverkavottorðum.

Ákærði neitar sök. Hann hefur þó viðurkennt að hafa slegið brotaþola hnefahöggi í andlitið og að hafa sparkað ofarlega í líkama hans, nánar tiltekið í bringu. Fyrir dómi hefur ákærði játað að hnefahögg hans hafi valdið sári og hnúð á höku brotaþola, en andmælt því að brotaþoli hefði misst meðvitund. Þá hefur ákærði andmælt því að hann sé valdur að ökklabroti brotaþola. Um heimfærslu hefur ákærði krafist sýknu á refsíákvæði 2. mgr. 218 gr. hegningarlaganna, en þess í stað vísað til 217. gr., en einnig eftir atvikum til 1. mgr. 218. gr. hegningarlaganna.

Dómurinn hefur, auk þess að fara á vettvang, farið yfir myndskaið úr eftirlitsmyndavél, sem staðsett er á húseigninni nr. 107 við Hafnarstræti. Á myndskaiðinu má sjá austur yfir Ráðhústorg og að veitingastaðnum Kaffi Amor og Nýja-bíói (Sambíói) þar sem óumdeilt er að atvik máls þessa gerðust.

Á nefndu myndskaiði, sem hefst kl. 04:23 umrædda nótt, sést hvar ákærði stendur nokkrum metrum austan við inngang veitingastaðarins Kaffi Amor, nærri gangstéttarbrún. Má sjá að fimm eða sex aðrir vegfarendur eru fyrir framan skýli sem er rúmlega einn og hálfur metri að hæð og er á milli inngangs veitingastaðarins og inngangs Nýja-bíós. Að mati dómsins má greina hvar brotaþoli stendur við súlu sem tilheyrir umræddu skyggni, sem nær að inngangi Nýja-bíós.

Á myndskaiðinu má sjá að ákærði virðist eiga í orðaskiptum við aðila á vettvangi og að brotaþoli er þar nærri. Á þeirri stundu sést að ákærði er með báðar hendur í buxnavösum. Þegar um ein mínúta er liðin af myndskaiðinu (kl. 4:24:43) sést hvar ónefndur aðili gengur til móts við ákærða frá fyrrnefndu skýli og þar á eftir gengur annar aðili og staðnæmist rétt hjá ákærða. Í þann mund má sjá hvar brotaþoli stígur í átt að ákærða, en í kjölfarið (kl. 4:24:47) virðist sem ákærði sé að gera sig líklegan til þess að ráðast að brotaþola, sem eins og áður sagði er þá að ganga til móts við hann. Í beinu framhaldi af þessu (kl. 4:24:50) sést að ákærði tekur tilhlaup og

sparkar með hægri fæti í brotaþola með þeim afleiðingum að hann fellur við. Spark ákærða er allhátt, en viðkoma þess á brotaþola er ógreinileg á myndskaiðinu. Í kjölfar þessa sést að ákærði heldur rakleiðis af vettvangi og gengur til austurs ásamt öðrum manni, að líkindum vitninu C. Fara þeir að versluninni Nætursölunni, og hverfa þeir þar fyrir húshornið. Á þeirri leið má sjá að ákærði lítur í tvígang í átt að brotavettvangi þar sem brotaþoli liggur á gangstéttinni. Þá sést á myndskaiðinu hvar lögreglubifreið kemur á vettvang og staðnæmist á akbrautinni fyrir framan veitingastaðinn Kaffi Amor. Um fjórum mínútum síðar sést hvar sjúkrabifreið kemur á vettvang.

Brotaþoli hefur við alla meðferð málsins lítt getað greint frá atvikum máls, en fyrir liggur að hann og ákærði þekktust í raun ekkert er atvik gerðust. Af frásögn vitna verður ráðið að einhver illindi hafi verið með ákærða og brotaþola á veitingastaðnum Kaffi Amor umrædda nótt. Að virtum framburði dyravarða verður ráðið, að brotaþoli hafi ekki látið sitt eftir liggja, enda þótt sýnilegar líkamlegar afleiðingar hlytust ekki af. Þó hefur ákærði borið að hann hafi fengið minni háttar eymsli á kjálka vegna atgangs brotaþola, en það þykir hafa nokkra stoð í vitnisburði vinar hans, C.

Lagt verður til grundvallar að tiltölulega fljótlega eftir að lýstum viðskiptum lauk á veitingastaðnum hafi ákærði og brotaþoli ásamt áðurnefndum vitnum og fleiri gestum hafst við austan við aðalinnganginn, en nærri inngangi Nýja-bíós við Strandgötu. Af gögnum verður enn fremur ráðið að takmörkuð og stutt samskipti hafi verið með aðilum þar sem þeir höfðust við á gangstéttinni, en upplýst er að ákærði og brotaþoli voru báðir undir áhrifum áfengis.

Sönnunarbyrði um atvik sem eru sakborningi í óhag hvílir hjá ákæruvaldinu samkvæmt 108. gr. laga nr. 88, 2008 um meðferð sakamála.

Að mati dómsins er sannað með játningu ákærða, sem stoð hefur í framburði vitna og læknisvottorði, að ákærði sló brotaþola hnefahöggi í andlitið við lýstar aðstæður. Er eigi varhugavert að telja sannað að vegna þessa hafi brotaþoli fengið sár og hnúð á hökubeiði. Að mati dómsins þykir einnig fyllilega sannað með játningu ákærða, ásamt með framburði vitnanna C og G, en ekki síst áðurlýstu myndskaiði, að ákærði hafi í beinu framhaldi af hnefahögginu sparkað með hægri fæti ofarlega í líkama brotaþola. Að virtum framburði ákærða og nefndum gögnum þykir ákæruvaldið hins vegar ekki hafa sannað að ákærði hafi með þessum hætti samhliða sparkað í andlit brotaþola. Ber því að sýkna hann af þeim verknaði. Þá er ósannað að brotaþoli hafi misst meðvitund eins og lýst er í ákæru.

Að mati dómsins er nægilega upplýst að hálka var ekki á vettvangi er atburður þessi gerðist. Þá hefur ekkert komið fram um að brotaþoli hafi átt við vanheilsu eða fótamein að stríða fyrir árás ákærða. Sannað er að við spark ákærða féll brotaþoli þegar niður á gangstéttina. Að virtum áðurnefndum gögnum, vitnisburðum svo og staðfestu læknisvottorði, þykir ekki varhugavert að telja sannað að spark ákærða, sem að mati dómsins var þungt, hafi valdið þeim snúningsáverka sem lýst er í áðurröktu læknisvottorði bæklunarlæknis og að brotaþoli hafi af þeim sökum hlotið þá áverka á hægri ökkla sem lýst er í ákæru. Þykir heldur ekkert marktækt hafa komið fram í málinu um að brotaþoli hafi hlotið

nefndan áverka af öðrum ástæðum en af sparki ákærða og falli hans í beinu framhaldi af því á gangstéttina við akbraut Strandgötu. Í ljósi verknaðaraðferðar og þeirra alvarlegu afleiðinga sem hlutust af framangreindu athæfi ákærða telst brot hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1991.

IV.

Ákærði, sem er fæddur 1987, hefur samkvæmt sakavottorði áður sætt refsingum. Hann var þannig dæmdur 29. júní 2011 til sektargreiðslu til ríkissjóðs fyrir fíkniefnaakstur. Var hann þá jafnframt sviptur ökurétti tímabundið. Þá var ákærði dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi 28. nóvember 2011, en einnig til sektargreiðslu til ríkissjóðs, fyrir fíkniefnaakstur og brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfni, en um hegningarauka var að ræða. Dómurinn var birtur ákærða samdægurs.

Brot ákærða, sem hér er til umfjöllunar, framdi hann 17. nóvember 2011, en upplýst er að lögreglan hóf þá þegar rannsókn sína. Ákærði var hins vegar fyrst yfirheyrður um sakarefnið þann 12. desember sama ár, en þá var tveggja ára skilorðstími dómsins frá 28. nóvember 2011 liðinn. Ákærði hefur því með háttsemi sinn eigi rofið skilorð nefnds dóms, sbr. ákvæði 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að líkamsárás ákærða var fólkskuleg og hafði alvarlegar afleiðingar, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ekki verður fallist á með ákærða að viðskipti hans við brotþola á nefndum veitingastað skömmu áður réttlæti árás hans þannig að áhrif hafi á ákvörðun refsingar, enda þótt háttsemi brotþola hafi þar ekki alveg verið vítalaus. Á hinn bóginn verður horft til þess að ákærði játaði að hluta háttsemi sína við alla meðferð málsins og að hann hefur ekki áður hlotið refsingu fyrir ofbeldisbrot. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fimm mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu hennar eins og greinir í dómsorði.

A hefur krafist skaðabóta, en henni er lýst í ákæru. Krafan er dagsett 19. febrúar 2014 og var hún birt ákærða 24. febrúar sama ár.

Krafan er sundurliðuð og rökstudd. Í fyrsta lagi er krafist endurgreiðslu á sjúkra-, lyfja- og ferðakostnaði, en einnig á öðrum kostnaði samkvæmt framlögðum reikningum, samtals að fjárhæð 89.849 krónur. Í öðru lagi er krafist miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna. Loks er krafist málskostnaðar vegna lögmannsþjónustu að mati dómsins.

Bótakröfunni er mótmælt af hálfu ákærða sem vanreifaðri og of hárrí.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotþola og ber hann bótaábyrgð samkvæmt almennri sakarreglu skaðabótaréttar á tjóni hans.

Að ofangreindu virtu verður fallist á að ákærði verði dæmdur til að greiða reikninga brotaþola vegna útlagðs sjúkra-, lyfja- og ferðakostnaðar auk annars kostnaðar, samtals að fjárhæð 89.849 krónur, en um vexti fer eins og í dómsorði greinir.

Fallist er á að ákærði hafi bakað sér skyldu til að greiða miskabætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50, 1993 um skaðabætur. Að virtum framlögðum gögnum, einkum áðurröktum læknisvottorðum og vætti bæklunarlæknis, ákveðast miskabætur til handa brotaþola 500.000 krónur, en um vexti fer eins og í dómsorði greinir.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola málskostnað vegna lögmansþjónustu, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88, 2008, að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Með hliðsjón af málsúrslitum og 218. gr. laga nr. 88, 2008 ber að dæma ákærða til greiðslu $\frac{3}{4}$ hluta sakarkostnaðar, sem samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti ákærvalds nemur 85.000 krónum. Þá ber að dæma ákærða til að greiða sama hlutfall af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, sem ákveðast í heild 376.340 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Úr ríkissjóði greiðist $\frac{1}{4}$ hluti sakarkostnaðar.

Málið fluttu Óli Ingi Ólason aðstoðarsaksóknari, Sigmundur Guðmundsson hdl., skipaður verjandi ákærða, og Sunna Axelsdóttir hdl., lögmaður brotaþola.

Gætt var ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88, 2008.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins að telja haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði A 585.000 krónur í miska- og skaðabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 17. nóvember 2013 til 24. febrúar 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði A 248.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta sakarkostnaðar, sem í heild er 461.340 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigmundar Guðmundssonar hdl., 376.340 krónur, en $\frac{1}{4}$ greiðist úr ríkissjóði.